

Reykjavíkurborg
Borgartún 12-14
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. október 2012
Tilvísun: UST20120800129/bs

Deiliskipulag - Heiðmörk, útivistarsvæði. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar dags. 28. ágúst sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á umhverfisáhrifum ofangreindrar deiliskipulagstillögu. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um umrædda deiliskipulagstillögu dags. 14. september 2010 segir m.a.: "*Markmið deiliskipulagsins ætti fyrst og fremst að vera að tryggja öryggi neysluvatns og styrkja vatnsverndina á svæðinu í sátt við aukið útivistargildi. Ekki hefur farið fram mat á útivistarþoli.*"


Umhverfisstofnun telur að í ljósi mikilvægis Heiðmerkur sem vatnstökusvæðis eigi að hefja eins fljótt og auðið er vinnu við mat á útivistarþoli Heiðmerkur. Slíkt mat verði grundvöllur frekara skipulags í samræmi við ofangreindar ábendingar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda á að umsagnir um umrætt deiliskipulag frá árinu 2010 eru flestar flestar fá aðilum sem nú þegar nýta Heiðmörk með ýmsum hætti. Í þessum umsögnum felast iðulega hugmyndir um enn frekari nýtingu Heiðmerkur til útivistar. Því má leiða líkum að því að álag vegna útivistar muni að öllu óbreyttu aukast í Heiðmörk.

Umhverfisstofnun telur að þar sem ekki liggur fyrir mat á útivistarþoli Heiðmerkur ætti að leggja áherslu á að meta útivistarþol svæðisins og fresta umfjöllun um umrætt deiliskipulag þar til niðurstað slíks mats liggur fyrir.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur